

Ed. **491. Frumvarp til laga** [189. mál]
um breyting á lögum nr. 7 3. febr. 1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Síðari málsgr. 2. gr. laganna orðist svo:
Hreppstjóri í hverjum hreppi, en skattstjóri í hverjum kaupstað, skulu gera í tvíriti skrá yfir hunda þá, sem í sveitarfélaginu eru, og afhenda annað eintakið oddvita eða bæjarstjóra í aprilmánuði ár hvert og hitt hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta.

2. gr.

Síðari málsgr. 3. gr. laganna orðist svo:
Skatturinn rennur í sveitarsjóð og innheimtist með öðrum sveitargjöldum.

3. gr.

Síðari málsgr. 5. gr. laganna orðist svo:
Kostnaður greiðist úr sveitarsjóði.

4. gr.

Síðari málsl. 7. gr. laganna orðist svo:
Sektirnar renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nefndin flytur frv. þetta samkvæmt beiðni ríkisstjórnarinnar, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Með tilliti til þess, að hundaskattur er á lagður vegna kostnaðar við hundalækningar, sem sveitarfélögin annast, en innheimta hans í höndum innheimtumanna ríkisins mun verða tiltölulega kostnaðarmeiri en í höndum oddvita, einkum vegna þess, að skatturinn getur ekki, svo að vel fari, fylgt öðrum manntalsbókargjöldum til útreiknings í hinum hraðvirku bókhaldsvélum, sem nú er tekið að nota, er hér lagt til, að innheimta hans verði framvegis með öðrum sveitargjöldum og renni í sveitarsjóðina, sem jafnframt greiði þá milliliðalaust hver um sig kostnaðinn af hundalækningum, eins og lengst af hefur verið. Í samræmi við þetta gerir frumvarpið einnig ráð fyrir, að sektir fyrir brot á lögum um hundahald renni í sveitarsjóð.